

Reykjavík, 7. mars 2024

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
nefundarsvid@althingi.is

## Varðar: Umsögn Rithöfundasambands Íslands

### Frumvarp til laga um höfundalög (gervigreindarfólk og sjálfvirk gagnagreining), 624. mál.

Rithöfundasamband Íslands (RSÍ) telur brýnt að löggjafinn leitist við að svara ýmiss konar álitaeftum um gervigreind og áhrif hennar. Í frumvarpinu er í 1. og 2. grein gerð tilraun til að leggja bann við endurgerð af einstaklingum, en það er mat RSÍ að ákvæði sem þessi varði fremur persónurétt en höfundarétt og ættu því ekki að eiga heima í höfundalögum. Þá leggur RSÍ áherslu á að við setningu ákvæða í höfundalög um gervigreind verði, eftir því sem kostur er, litið til sambærilegra ákvæða í nágrannalöndum og í Evrópurétti, til að gæta hér eftir sem hingað til að því að lagaumhverfið hér á landi sé í samræmi við evrópskan höfundarétt og norrænar reglur.

Í 3. gr. frumvarpsins er ákvæði sem felur í sér að heimilt verði án endurgjalds að gera rafræn eintök af verki sem aflað hafi verið með lögmætum hætti, enda sé tilgangur slíkra eintaka að útbúa sjálfvirkar gagnagreiningar og vinna málfræðilegar og tölfræðilegar upplýsingar. Í þessu sambandi er rétt að taka fyrst fram að í greinagerð með frumvarpi sem síðar varð að lögum nr. 109/2016 var lagt til að eftirfarandi orðalag kæmi inn 11. gr. Höfundalaga: "Heimild til gerðar stafræns eintaks er þó bundin við einstakling sem hefur lögmæt umráð eða aðgang að upprunaeintaki sem er dreift eða gert aðgengilegt með heimild rétthafa þess." Ákvæði þessu var ætlað að taka af allan vafa um að ekki væri hægt að nýta heimild laganna um eintakagerð til einkanota af stafrænum eintökum nema um væri að ræða lögmætt upprunaeintak. Þessi breyting náði ekki fram að ganga á sínum tíma, en brýnt er að lögfesta umrætt ákvæði áður en útfærð verða sérákvæði á borð við það sem kynnt er í núverandi frumvarpi. Að því er fyrirliggjandi tillögu varðar, þá telur RSÍ að með henni sé of langt gengið í þá átt að setja höfundaréttarvarið efni inn í gagnagrunna sem unnið kann að vera úr með gervigreind. Afar mikilvægt er að stíga varlega til jarðar í þessum efnunum, eins og sjá má af hinu íslenska verkefni um risamálheild, þar sem höfundar stóðu í þeirri trú að veittur hefði verið aðgangur að efni í þágu máltækni, en í ljós kom að OpenAI hafði fengið aðgang að textum íslenskra höfunda, þegar Miðeind hóf samstarf við fyrirtækið og opnaði þar með aðgang að svokallaðri risamálheild. RSÍ telur að meginregla í tengslum við notkun höfundaréttarvarins efnis inn í gagnagrunna, þar sem gervigreind er nýtt, hljóti að vera sú að hver og einn höfundur veiti upplýst samþykki fyrir slíku. Þá virðist 3. gr. frumvarpsins

jafnframt ganga lengra en ákvæði DSM tilskipunar ESB, en RSÍ leggur áhersla á að innleiðingu hennar verði hraðað eins og unnt er.

Með vísan til ofangreinds styður Rithöfundasamband Íslands ekki að umrætt frumvarp verði að lögum, en telur þó áriðandi að sett verði löggjöf um álitaefni sem tengjast gervigreind.

Virðingarfyllt

F.h. Rithöfundasambands Íslands

Ragnar Jónasson varaformaður